

Sveitarfélagið Múlaþing  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 17. september 2021  
UST202109-028/B.S.  
10.05.04

**Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi - lagning ljósleiðara í Jökulsárhlið og Jökuldal**

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Múlaþings dags. 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn þar sem framkvæmdin er að hluta innan nokkurra svæða á náttúruminjaskrá.

Þegar fylgt er öðrum mannvirkjum oftast vegum hefur Umhverfisstofnun ekki gert athugasemdir við plæginu ljósleiðara þar sem landi næst vegsvæði hefur þegar verið raskað eins og t.d. við Hauksstaði. Fram kemur í gögnum að að unnt verði að plægja á allri strengleiðinni og gefur það fyrirheit um að unnt verði að plægja ljósleiðarann og á smá kafla rafstreng þannig að ummerki um framkvæmdina verða afar lítil og munu að mestu leyti hverfa algerlega. Er þetta í raun reynsla Umhverfisstofnunar af sambærilegum framkvæmdum. Þetta á einnig við þar sem farið er um jökulminjar og setmyndanir.

Umhverfisstofnu telur að þar sem farið er um svæði á náttúruminjaskrá sem talin eru hafa mikið verndargildi þar sem er votlendi með fjölbreyttu fuglalífi og gróðri þarf að fara með gát til að forðast rask og að verktími verði utan varptíma til að ónæði vegna framkvæmdarinnar verði sem minnst.

Umhverfisstofnun óskar eftir að haft verði samráð við stofnunina um úttekt á framkvæmdinni m.t.t. frágangs á svæðum á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

*Agnes Porkelsdóttir*  
Agnes Porkelsdóttir  
sérfræðingur